# 64. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 26. June 2017 og hófst hann kl. 16:15

**Fundinn sátu:**
Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Stefán Þór Steindórsson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1706002 - Deilisk.br. - Skógarhverfi I**

*Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Skógahverfis sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 29. maí 2017. Í tillögunni felst annars vegar breyting á húsahæðum fjölbýlishúsa sunnan Asparskóga þar sem aðallega verður gert ráð fyrir tveggja hæða húsum án bílageymslna í stað þriggja hæða með bílageymslu og hins vegar stækkun skipulagssvæðisins sem nemur einni lóðaröð norðan Asparskóga með sams konar tveggja hæða fjölbýlishúsabyggð. Hærri hús verða á þremur lóðum. Jafnframt eru gerðar breytingar á skilmálum t.d. um íbúðafjölda. Tillagan er unnin í samræmi við rammaskipulag Skógahverfis frá 2005, sem ekki hefur formlegt gildi, en er nýtt sem forsenda einstakra skipulagsáfanga hverfisins. Nú er gert ráð fyrir 122 íbúðum á óbyggðum lóðum við Asparskóga en með breytingunni og stækkun skipulagssvæðisins verður gert ráð fyrir 159-236 íbúðum á óbyggðum lóðum við götuna.*

*Haldinn var opinn fundur þann 15.júní 2017 fyrir íbúa þar sem breytingarnar voru kynntar.*

*Skipulags og umhverfiráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirliggjandi breytingar á deiliskipulagi og að skipulagið verði auglýst skv.41.gr. sbr. 1.mgr.43.gr. skipulagslaga nr.123/2010.*

**2. 1706003 - Deilisk.br. - Skógarhverfi II**

*Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Skógahverfis sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 1. júní 2017. Í tillögunni felast eftirtaldar breytingar:*
*Almenn breyting á ákvæðum um bílastæði fyrir fjölbýlishús þar sem fjöldi bílastæða fer eftir stærð íbúða.*
*Breyting á lóðamörkum og sameining byggingarreita á lóðunum við Álfalund 6-12 og Akralund 13-23.*
*Raðhús og parhús við Álfalund 2-26 (jafnar tölur) og Akralund 13-41 (oddatölur) verða einnar hæðar í stað tveggja hæða.*
*Byggingarreit fjölbýlishúss við Akralund 6 er breytt, hann einfaldaður og skásettur miðað við aðliggjandi reiti.*

EB

*Haldinn var opinn fundur þann 15.júní 2017 fyrir íbúa þar sem breytingarnar voru kynntar.*

*Skipulags og umhverfiráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirliggjandi breytingar á deiliskipulagi og að skipulagið verði auglýst skv.41.gr. sbr. 1.mgr.43.gr. skipulagslaga nr.123/2010.*

**3. 1705122 - Sementsreitur - rif á mannvirkjum**

*Sviðsstjóri fór yfir stöðu og gerð útboðsgagna. Skipulags-og umhverfisráð felur sviðsstjóra að bjóða verkið út í opnu útboði.*

**4. 1706085 - Íþróttahús Vesturgötu og Byggðasafn - utanhúsviðhald (útboð)**

*Engin tiboð bárust í verkið. Sviðsstjóra falið að finna verktaka með hugsanlega samningsgerð um verkið í huga.*

**5. 1705220 - Vallholt 3 og 3A - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**

Fyrirspurn Helgu K. Haug Jónsdóttur um breytingu á skipulagi vegna Vallholts 3 og 3A.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna að málinu.*

**6. 1706046 - Kirkjubraut 48 - beiðni um innkeyrslu og færslu á ljósastaur**

*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.*

**7. 1706081 - Suðurgata 90 - styrkur til viðhalds fasteigna**

*Skipulags- og umhverfisráð getur ekki úthlutað úr sjóði til viðhalds fasteigna eftir að úthlutun hefur farið fram.*

**8. 1601378 - Jaðarsbakkar / Guðlaug - útboð**

*Engin tiboð bárust í verkið. Sviðsstjóra falið að finna verktaka með hugsanlega samningsgerð um verkið í huga.*

**9. 1705119 - Kirkjubraut 21 - fyrirspurn vegna viðhalds**

Fyrirspurn Írisar Arthúrsdóttur um styrk vegna endurbóta á Kirkjubraut 21. (trúnaðarmál)

*Skipulags- og umhverfisráð getur ekki úthlutað úr sjóði til viðhalds fasteigna eftir að úthlutun hefur farið fram en hún átti sér stað 2015.*

**10. 1703187 - Akursbraut 17 - fyrirspurn til byggingarfulltrúa**

Grendarkynning vegna byggingarleyfisumsóknar

*15.5.2017 samþykkti skipulags- og umhverfisráð að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn vegna Akursbrautar 17. Breytingin felst í að stækka anddyri og byggja yfir svalir á 1.hæð, setja kvist og svalir á rishæð.*

ÉB

*Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum við Suðurgötu 40,42,46,48 og 50a og auk húss nr. 15 við Akursbraut.*

*Engar athugasemdir bárust.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi verði samþykkt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Breytingin verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og send Skipulagsstofnun.*

**11. 1701289 - Esjubraut 14 - fyrirspurn til byggingarfulltrúa um stækkun bílskúrs**

Grenndarkynningu lauk 2.maí s.l., engar athugasemdir bárust.

*6.3.2017 samþykkti skipulags- og umhverfisráð að grenndarkynna skipulagsbreytingar á lóðum við Esjubraut 14. Breytingin felst í að stækka bílskúr.*

*Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum við Esjubraut 10,12,16 og 18 auk húsa nr. 9,11,13 og 15 við Hjarðarholt.*

*Engar athugasemdir bárust.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi verði samþykkt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Breytingin verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og send Skipulagsstofnun.*

**12. 1704148 - Birkiskógar 2, Grendarkynning v. endurnýjunar byggingarleyfis**

*8.5.2017 samþykkti skipulags- og umhverfisráð að grenndarkynna skipulagsbreytingar á Birkiskógum 2. Breytingin felst í að hækka heimilað byggingarmagn.*

*Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum við Birkiskóga 1,4, og 3 auk húsa 19 og 20 við Álmaskóga.*

*Engar athugasemdir bárust.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi verði samþykkt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Breytingin verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og send Skipulagsstofnun.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.**